



ORKUSTOFNUN

Vatnsveita Suðurnesja: Efnasamsetning vatns í Lágum og Höfnum árið 1997

Jón Örn Bjarnason

Greinargerð JÖB-98-05

VATNSVEITA SUÐURNESJA:
EFNASAMSETNING VATNS Í LÁGUM OG HÖFNUM ÁRIÐ 1997

Gjá í Lágum

Þegar Vatnsveita Suðurnesja hóf vinnslu neysluvatns úr Gjá í Lágum haustið 1991 fól hún Orkustofnun, með samningi nr. 632251-1991, að fylgjast með efnasamsetningu þess. Var svo kveðið á, að styrk aðalefna í vatninu skyldi ákvárdi tvisvar á ári. Í fyrsta sýninu, sem tekið var þann 11. nóvember 1991, skyldu þó greind allmögð snefilefni að auki, en það var gert til þess að eiga sem fyllstar upplýsingar um upphafssamsetningu vatnsins, sem hafa mætti til viðmiðunar ef einhvern tíma í framtíðinni kæmi upp grunur um mengun. Niðurstöður téðra efnagreininga hafa verið lagðar fram í nokkrum greinargerðum Orkustofnunar (Jón Örn Bjarnason, JÖB-92/03, JÖB-93/03, JÖB-94/01, JÖB-95/01 og JÖB-97/01), og kemur þar fram að vatnið er gott til neyslu.

Tvö sýni voru tekin af vatninu árið 1997, þann 15. maí og þann 25. nóvember. Niðurstöður efnagreininga þessara sýna eru skráðar aftast í töflu 1, en til samanburðar er í töflunni einnig að finna niðurstöður fyrri greininga. Karbónat er hér summa kolsýru, bíkarbónats og karbónats, reiknuð sem koldíoxíð. Á sama hátt táknað súlfíð summu brennisteinsvetnis, bísúlfíðs og súlfíðs, reiknaða sem brennisteinsvetni. Heildarmagn þess sem eftir verður við þurreimingu sýnis er skráð í töfluna sem uppleyst efni. Samsætuhlutfall súrefnis er táknað með $\delta^{18}\text{O}$.

Litlar breytingar hafa orðið á efnasamsetningu vatnsins frá hausti 1991. Styrkur klóríðs jókst að vísu svolítið fyrstu tvö árin eftir að vinnsla hófst úr vatnsbólinu, en þessi aukning hefur síðan gengið til baka, eins og sjá má af mynd 1. Styrkur annarra helstu efna, súlfats, natríums, magnesíums og kalsíums hefur breyst samstiga styrk klóríðs, þannig að hlutföll þessara efna við klóríð hafa haldist að kalla má óbreytt.


Klóríðstyrkur í köldu grunnvatni á Íslandi er yfirleitt á bilinu 2 - 15 mg/kg, mestur út við ströndina en minnkar inn til landsins. Þar sem beinna áhrifa sjávar gætir er hann þó sums staðar meiri. Klóríðstyrkur í Vatnsveitu Suðurnesja, 60 - 70 mg/kg, er þannig talsvert meiri en algengt er í íslensku ferskvatni. Hann er engu að síður langt undir þeim mörkum sem Alþjóðaheilbrigðismálstofnunin (WHO) hefur sett, en þau eru við 250 mg/kg (Guidelines for Drinking-Water Quality. Vol. 1, Recommendations. World Health Organization, Genf, 1984).

Tafla 1. Vatnsveita Suðurnesja. Efnaþásmæting vatns úr Gjánni í Lágum. Strykur efna í mg/kg. Framhald á næstu blaðsíðu.

| Dagsetning Númer | 1991-11-11 1991-9117 | 1992-05-29 1992-9016 | 1992-11-24 1992-9062 | 1993-06-01 1993-9019 | 1993-10-27 1993-9073 | 1994-05-16 1994-9051 | 1994-10-26 1994-9169 | 1995-07-05 1995-9084 | 1995-12-12 1995-9272 |
|-----------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|
| Sýrustig (pH / °C) | 7,63 / 22,2 | 7,52 / 24,9 | 7,74 / 22,7 | 7,63 / 23,7 | 7,51 / 25,0 | 7,50 / 25,7 | 7,51 / 23,3 | 7,50 / 21,7 | 7,70 / 21,8 |
| Karbónat (CO ₂) | 14,8 | 12,6 | 13,9 | 14,8 | 10,4 | 11,3 | 11,0 | 14,0 | 10,4 |
| Sulfíð (H ₂ S) | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 |
| Bór (B) | <0,02 | <0,02 | <0,02 | <0,02 | <0,02 | - | - | - | - |
| Eðlisleiðni (μS/cm / °C) | 245 / 22,6 | 264 / 25,0 | 260 / 22,6 | 281 / 24,6 | 276 / 25,0 | 285 / 25,0 | 273 / 25,0 | 276 / 25,0 | 267 / 25 |
| Kísill (SiO ₂) | 13,1 | 13,1 | 13,3 | 13,2 | 13,1 | 12,9 | 13,1 | 13,6 | 13,1 |
| Upplest efni | 153 | 151 | 145 | 169 | 158 | 149 | 148 | 132 | 143 |
| Flúoríð (F) | 0,067 | 0,068 | 0,072 | 0,080 | 0,070 | 0,070 | 0,070 | 0,070 | 0,080 |
| Klórið (Cl) | 59,4 | 63,2 | 61,3 | 68,6 | 66,7 | 65,7 | 63,1 | 63,1 | 62,6 |
| Brómíð (Br) | 0,22 | - | 0,20 | - | - | - | - | 0,20 | 0,19 |
| Nítrat (NO ₃) | 0,22 | - | 0,37 | - | 0,20 | 0,22 | 0,28 | 0,28 | 0,34 |
| Súlfat (SO ₄) | 8,2 | 8,9 | 8,8 | 9,5 | 9,2 | 9,0 | 9,0 | 9,0 | 8,6 |
| Natrium (Na) | 29,2 | 31,7 | 30,5 | 33,4 | 32,4 | 32,7 | 32,5 | 32,3 | 31,1 |
| Kalium (K) | 1,3 | 1,5 | 1,2 | 1,4 | 1,3 | 1,3 | 1,3 | 1,4 | 1,3 |
| Magnésium (Mg) | 6,4 | 6,4 | 6,2 | 6,9 | 6,7 | 6,5 | 6,6 | 6,5 | 6,1 |
| Kalsíum (Ca) | 7,0 | 7,3 | 6,9 | 7,7 | 7,8 | 7,4 | 7,6 | 7,4 | 6,9 |
| Ál (Al) | 0,005 | 0,02 | 0,007 | 0,003 | 0,003 | 0,003 | 0,003 | 0,006 | 0,011 |
| Járn (Fe) | 0,019 | 0,0039 | 0,02 | 0,0017 | 0,0036 | 0,0018 | 0,0053 | 0,0043 | 0,0019 |
| Sík (Zn) | 0,012 | - | 0,017 | 0,009 | 0,006 | 0,014 | 0,005 | 0,008 | - |
| δ ¹⁸ O (% SMOW) | - | - | -7,81 | - | - | - | - | - | - |

Tafla 1. Vatnsveita Suðurnesja. Efna samsetning vatns úr Gjánni í Lágum. Styrkur efna í mg/kg. Framhald af fyrri blaðsiðu.

| Dagsetning Númer | 1996-05-28 1996-0098 | 1996-11-27 1996-0527 | 1997-05-15 1997-0238 | 1997-11-25 1997-0741 |
|-----------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|
| Sýrustig (pH / °C) | 7,56 / 21,9 | 7,71 / 21,3 | 7,61 / 21,8 | 7,60 / 21,5 |
| Karbónat (CO ₂) | 12,6 | 11,3 | 12,6 | 13,9 |
| Súlfíð (H ₂ S) | <0,03 | <0,03 | <0,03 | <0,03 |
| Bór (B) | <0,02 | 0,03 | 0,02 | <0,02 |
| Eðlisleiðni (μS/cm / °C) | 270 / 25,0 | 276 / 25,0 | 265 / 25 | 272 / 25,0 |
| Kísill (SiO ₂) | 13,4 | 13,4 | 12,9 | 13,5 |
| Uppleyst efni | 139 | 140 | 142 | 151 |
| Flúoríð (F) | 0,070 | 0,11 | 0,070 | 0,050 |
| Klóníð (Cl) | 63,1 | 64,8 | 61,4 | 60,3 |
| Brómíð (Br) | 0,19 | 0,21 | 0,20 | 0,20 |
| Nítrat (NO ₃) | 0,27 | 0,22 | 0,30 | 0,25 |
| Súlfat (SO ₄) | 8,6 | 8,8 | 9,0 | 8,4 |
| Natrium (Na) | 31,5 | 31,3 | 31,2 | 31,9 |
| Kalium (K) | 1,3 | 1,4 | 1,3 | 1,3 |
| Magnésium (Mg) | 6,3 | 6,5 | 6,2 | 6,0 |
| Kalsíum (Ca) | 6,9 | 7,3 | 7,1 | 7,2 |
| Ál (Al) | 0,007 | 0,004 | 0,005 | 0,005 |
| Járn (Fe) | 0,008 | 0,0021 | 0,0025 | 0,0012 |
| Símk (Zn) | 0,011 | 0,005 | 0,008 | 0,024 |
| δ ¹⁸ O (% SMOW) | -7,93 | - | - | - |



Mynd 1. Vatnsveita Suðurnesja. Styrkur klóríðs í vatni úr Gjánni í Lágum.

Vatnsból Hitaveitu Suðurnesja í Gjá í Lágum, HSK-100, er saltara en vatnsból Vatnsveitunnar, og munar þar 15 - 20%. Er þó aðeins steinsnar á milli þeirra. Klóríðstyrkur í HSK-100 hefur aukist nokkuð frá upphafi vinnslu, eins og hefur komið í nýlegri skýrslu Orkustofnunar (Jón Örn Bjarnason: *Svartsengi. Efnavöktun 1988-1995*. Orkustofnun, OS-96082/JHD-10, Reykjavík, 1996). Líklegt er, að hér gæti blöndunar úr undirlaginu, því ferska grunnvatnið á utanverðum Reykjanesskaga er aðeins þunnt lag sem flýtur á sjó. Þó kann íblöndun saltara vatns úr nágrenninu einnig að valda. Hvernig sem því kann að vera varið, er ljóst að þessi vatnsból eru viðkvæm fyrir saltmengun.

Full ástæða er því til að umgangast vatnsból þessi með gát og fylgjast vel með efnainnihaldi vatnsins.

Hafnir

Skammt norðaustan við byggðina í Höfnum, rétt suðaustan vegar, eru tvær borholur. Sú sem fjær er veginum, HA-02, er nýrri og er hún aðalvatnsból þorpsins.

Að beiðni Vatnsveitu Suðurnesja voru á árinu 1997 tekin tvö sýni úr holunni til efnagreiningar, þann 15. maí og aftur þann 25. nóvember. Er þetta einn þáttur þess að neysluvatn í Höfnum sé vaktað á sama hátt og í Lágum. Niðurstöður greininga á sýnunum er að finna í töflu 2, og eru færslur þar hliðstæðar færslum í töflu 1.

*Tafla 2. Vatnsveita Suðurnesja. Efnasamsetning vatns úr holu HA-02 í Höfnum.
Styrkur efna í mg/kg.*

| Dagsetning | 1997-05-15 | 1997-11-25 |
|-----------------------------|-------------|-------------|
| Númer | 1997-0237 | 1997-0740 |
| Sýrustig (pH / °C) | 7,36 / 21,4 | 7,33 / 21,2 |
| Karbónat (CO ₂) | 12,2 | 12,6 |
| Súlfíð (H ₂ S) | <0,03 | <0,03 |
| Bór (B) | 0,07 | 0,04 |
| Eðlisleiðni (µS/cm / °C) | 1120 / 25,0 | 1061 / 25 |
| Kíssill (SiO ₂) | 12,7 | 13,0 |
| Uppleyst efni | 624 | 556 |
| Flúoríð (F) | 0,03 | 0,04 |
| Klóríð (Cl) | 308 | 273 |
| Brómíð (Br) | 0,97 | 0,90 |
| Nítrat (NO ₃) | 0,27 | 0,16 |
| Súlfat (SO ₄) | 41,9 | 38,4 |
| Natríum (Na) | 168 | 158 |
| Kalfum (K) | 5,8 | 5,6 |
| Magnesíum (Mg) | 19,7 | 17,2 |
| Kalsíum (Ca) | 12,5 | 11,5 |
| Ál (Al) | 0,0015 | 0,002 |
| Mangan (Mn) | 0,0001 | 0,0003 |
| Járn (Fe) | 0,0215 | 0,0074 |
| Sink (Zn) | 0,008 | 0,002 |
| δ ¹⁸ O (‰ SMOW) | -8,15 | - |

Vatnið í Höfnum er u.þ.b. fimmfalt saltara en í Lágum. Liggur klóríðstyrkur þess raunar yfir viðmiðunarmörkum þeim sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sett, en þau eru 250 mg/kg sem áður segir. Þau mörk munu þó fyrst og fremst til komin vegna bragðgæða, fremur en af heilbrigðisástæðum, en flestir taka að finna saltbragð af vatni þegar klóríðstyrkur nær 250 - 300 mg/kg.

Selta vatnsins í Höfnum mældist nálægt því tíu af hundraði minni í nóvember 1997 en hún hafði gert í maí. Lækkaði klóríðstyrkur um þetta hlutfall, og styrkur annarra helstu efna að sama skapi, en leiðni vatnsins sem því nam. Skýring á þessari breytingu er ekki kunn, en ekki er óhugsandi að sjávarföll kunni að valda. Við mælingar í nágrenni Húsatótta og Staðar við Grindavík um miðbik núunda áratugarins kom í ljós, að breytinga í hæð og seltu grunnvatns af völdum sjávarfalla gætti alllangt inn í land. Mun í framtíðinni verða fylgst með því hvort selta vatns í holu HA-02 fylgi sjávarföllum.

Gott væri að mæla hita og seltu í holunni næst þegar dælan verður tekin upp. Slík mæling, sem aðeins tekur um klukkustund, mun sýna hvort vatnið sé missalt eftir dýpi, og hvort fullsaltur sjór nær upp í holubotninn.

Þótt ekki verði á neinn hátt fundið að vatninu í Höfnum frá sjónarmiði hollustu, má velta því fyrir sér hvort það teljist ekki á mörkum þeirra gæða sem neytendur krefjast nú á tíð. Alltjent er ástæða til þess að fylgjast áfram með efnasamsetningu þess.

Jón Örn Bjarnason